

Könnun Skólapúlsins meðal starfsmanna í Garðaskóla 2015



Sigurður Stefán Haraldsson tók saman
Maí 2015

Könnun Skólapúlsins meðal starfsmanna Garðaskóla fór fram frá 1.mars til 1.apríl 2015. Niðurstöður úr bæði lokuðum og opnum spurningum voru birtar 15.apríl. Þátttaka var 86%. Spurt var m.a. um rekstur, viðhorf til skólans, kennarastarfið, starfsumhverfi, endurgjöf, símenntun, hversu vel starfsfólki líki við 60 mínútna kennslustundir, Námfús, og umsjónartíma á miðvikudögum. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í hverjum flokki.

1. Almennar rekstrarupplýsingar

Í svörum við þessum flokki spurninga vekur helst athygli að hlutfall karlmannna í hópi starfsmanna sem sinna kennslu er mun hærra en gerist og gengur á landinu, 38% á móti 18%. Enginn kennari er án háskólamenntunar. Fjöldi nemenda á hvert fullt starf kennara er nokkuð hærri en á landinu, rúmum 14 nemendur í Garðaskóla á móti rúmum 10 nemendum á landinu öllu. Þeir sem fá sérkennslu eru rúm 27% í Garðaskóla sem er meira en á landinu (17%). Á móti kemur að hlutfall nemenda sem fá sérstuðning annan en sérkennslu er aðeins lægra (3%) en á landinu öllu (6%). Sömu tölur eiga við um þörn með íslensku sem annað mál. Töluverður munur er á milli fjölda skyldudaga í símenntun í Garðaskóla (12) á móti landinu (7), samkvæmt skólastjórum. Einnig er meðalfjöldi nemenda í bekk nokkuð hærri í Garðaskóla en á landinu öllu, 25 á móti tæpum 19. Fjöldi nemenda á hverja tölvu er aðeins lægri í Garðaskóla en á landinu, rúmum 4 á móti 6 sem þýðir að fleiri tölvur eru í Garðaskóla en á landinu fyrir nemendur. Það er einnig ánægjulegt að sjá að hlutfall nemenda á hvern skjávarpa er nokkuð lægra í Garðaskóla, rúmlega 13 nemendur á móti nærri 18 á landinu. Í Garðaskóla eru engar gagnvirkar töflur eins og eru í sumum öðrum skólum.


2. Allir starfsmenn - Almennt

Fram kemur að það er hærri meðalaldur starfsfólks í Garðaskóla því þar eru rúm 83% starfsfólks eldri en 40 ára en á landinu öllu eru það rúm 68%. Fjarvistir starfsfólks í heilan dag undanfarinn mánuð mælist 1,4 í Garðaskóla en 2 á landinu. Seintkomur starfsfólks eru litlar í Garðaskóla, 0,4 skipti á mánuði. Starfsfólk hefur farið sjaldnar í starfsmannaviðtöl undanfarið ár en á landinu, 42% á móti 66%, þar af eru kennarar með 53% á móti nærri 70% á landinu, og annað starfsfólk 15% á móti 60%. Hér þarf þó að hafa í huga að þessi mismunur á tíðni starfsmannaviðtala skýrist nú væntanlega af tímasetningu viðtalanna á árinu. Rúm 76% starfsfólks Garðaskóla telja viðtölin mjög eða frekar gagnleg. Þarna lækkar hlutfallið úr 92% árið 2013 niður í 76% 2015, en þess ber að geta að aðeins 12 manns svöruðu þessu 2013 og 13 manns 2015, eða aðeins um þriðjungur þátttakenda. 9% starfsfólks Garðaskóla telur sig sig hafa orðið fyrir áreitni síðasliðið ár á móti tæðum 17% á landinu. Einnig mælist tíðni eineltis meðal starfsfólks í Garðaskóla lægri en á landinu, 9% á móti 13%, en aftur ber að geta þess að fjöldi svarenda er mjög lágur því aðeins 4 svöruðu spurningunni.

3.Allir starfsmenn – viðhorf til skólans

Í þessum flokki eru svörin á normaldreifðum mælikvarða frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Í Garðaskóla mælist meiri starfsánægja (5,7) en að meðaltali í öðrum skólum landsins (5,2) og er sama hlutfall meðal kennara og annars starfsfólks, en munurinn telst þó ekki mjög mikill. Starfsandi innan skólans er einnig yfir meðaltali landsins, 5,7 á móti 5,1. Athygli vekur að hlutfall kennara sem eru ánægðir með starfsandann er nokkuð hærra (5,9) en hjá öðrum starfsmönnum í Garðaskóla (5,2). Gæði stjórnunar skólans virðast vera að aukast því meðaltalið hefur hækkað úr 4,9 árið 2013 í 5,2 árið 2014 og í 5,4 í þessari könnun. Þarna vísa gæði stjórnunar til spurninga um hrós, hvatningu, traust og samskipti yfirmanna við starfsmenn, og stjórnun almennt. Upplýsingastreymi innan skólans þykir starfsmönnum Garðaskóla betra en á landinu, 5,4 á móti 4,9. Kennarar eru þó sínu ánægðari (5,5) en aðrir starfsmenn (5,0) í Garðaskóla.

Þegar spurt var um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi, kom fram að í Garðaskóla var meðaltalið 4,7 á móti 5,1 á landinu. Athygli vekur hækkunin úr 5,3 árið 2013 í 5,7 árið 2014 og svo lækkunin niður í 4,7 árið 2015, sem telst töluverður munur, á meðan landið helst stöðugt.




Mynd 1: Starfsaðstaða í Garðaskóla og á landinu - ársmeðaltöl

4.Kennarar – Kennarastarfið


Í þessum lið er mælikvarðinn normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Ánægja kennara með starfið sitt mælist örlítið hærri en hjá öðrum kennurum þó munurinn teljist ekki mikill, 5,6 á móti 5,3, sem er nær landinu en hefur verið. Trú kennara Garðaskóla á eigin getu eykst milli ára og eftir að hafa mælst undir meðaltali árið 2013 með 4,6 mælist Garðaskóli yfir meðaltali í ár með 5,1.

Upplýsingamiðlun til foreldra er metin með því að spyrja kennara um tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda. Fram kemur að Garðaskóli mælist töluvert neðar (4,1) en landsmeðaltalið (5,0)




Mynd 2: Upplýsingamiðlun til foreldra - ársmeðaltöl

Varðandi heimavinnu nemenda þá er að mati kennara ætlaður örllítið minni tími til hennar á viku í Garðaskóla en á landinu. Fram kemur 6 mínútna munur, 40 í Garðaskóla en á landinu 46 mínútur. Hér er athyglisverð veruleg fækkun mínútna á einu ári og á það hvort tveggja við um landið og Garðaskóla. Fækkun heimanámsmínútna á viku í Garðaskóla er 27 mínútur á einu ári eins og sést á myndinni. Landið lækkar líka en ekki eins mikið.




Mynd 3: Tími í heimavinnu á viku - ársmeðaltöl

Þegar kemur að kennurum Garðaskóla þá undirbúa þeir sig eingöngu eða aðallega í skólanum mun minna en aðrir kennarar á landinu, hlutfallið mælist nærri 19% minni meðal kennara Garðaskóla. Hlutfallið þeirra er tæp 47% en rúm 65% á landinu og þó hefur hlutfallið hækkað úr 37% árið 2013.



Mynd 4: Hlutfall þeirra sem undirbúa kennslu eingöngu eða aðallega í skólanum.


Kannað var hlutfall kennara sem raða í hópa í kennslustundum næstum alltaf eða alltaf og kemur fram áþekkt niðurstaða og á landinu, 31% í Garðaskóla á móti 27% á landinu. Einstaklingsvinna í bekk er minni í Garðaskóla en á landinu, tæp 28% á móti 32%, en þarna er um að ræða hlutfall kennara sem láta nemendur vinna sjálfstætt alltaf eða næstum alltaf. Einstaklingsmiðuð kennsla er miklu minni í Garðaskóla en á landinu, eins og sést á mynd 5, 18% kennara í Garðaskóla nota einstaklingsmiðaða kennslu alltaf eða næstum alltaf á móti 48% kennara á landinu öllu. Þessi munur skýrist líklega að mestu af ferðakerfinu í Garðaskóla sem auðveldar kennslu hópa þar sem nemendur eru með svipaða getu í viðkomandi grein.



Mynd 5: Einstaklingsmiðuð kennsla – árshlutföll

Kennarar Garðaskóla virðast leggja meiri áherslu á að fylgjast með framförum nemenda með hefðbundnum prófum, samræmdum prófum eða stöðluðu mati, en á landinu því hlutfall þeirra mælist 11% hærra, 33% á móti 22%. Athyglisverð þróun í átt að fjölbreyttara námsmati hefur átt sér stað í Garðaskóla frá árinu 2013 því þá var hlutfall prófa í námsmati 59%, árið 2014 32% og svo 33% 2015.

Í samræmi við þetta sést að munurinn milli Garðaskóla og landsins hefur minnkað verulega þegar litið er til námsmats með öðru en prófum, t.d. sjálfsmati, jafningjamati og leiðsagnarmati, enda hefur hlutfallið í Garðaskóla vaxið um 14% á einu ári. Þrátt fyrir það mælist 16% munur þar sem landið er með hærra hlutfall og það hlutfall hækkar nokkuð jafnt á hverju ári. Það er því greinileg þróun í því að minnka vægi prófa í námsmati og taka inn aðra hluti í staðinn.




Mynd 6: Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum – ársmeðaltöl

5. Kennarar – starfsumhverfi kennara

Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika var metinn með því að spyrja kennara spurninga um aðgang kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgang að ráðgjöf sérfræðinga. Hærra gildi er túlkað sem aukinn stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika. Garðaskóli kemur út örlítið neðar en landmeðaltalið, 4,7 á móti 5,0 sem þó telst ekki mikill munur.


Í sambandi við stuðning við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda þá kemur það út mjög svipað í Garðaskóla (5,1) og á landinu (5,2). Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara var metinn með því að spyrja um ráðgjöf, virkni, hvatningu og frumkvæði skólastjóra í samskiptum við kennara um starfið. Síðustu ár hafa niðurstöður Garðaskóla verið umtalsvert hærri en á landinu en hlutfallið í Garðaskóla hefur þó verið að lækka í síðustu tveimur mælingum, úr 6,1 árið 2013 niður í 5,8 árið 2014 og í 5,3 í ár, á meðan landið hefur staðið nokkuð í stað (5,0). Kennarar

voru spurðir um samræður við aðra kennara og samráð um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Athyglisvert er að sjá þær sveiflur sem koma fram í tölum fyrir Garðaskóla. Árið 2013 var hlutfallið 3,9, árið 2014 stökk það upp fyrir landið í 5,2 en nú í ár lækkar það niður í 4,4 á meðan landið helst stöðugt í 5,0. Garðaskóli er því í tveimur af síðustu mælingum að mælast með umtalsvert minna samráð um kennslu en gerist og gengur á landinu, sem er umhugsunarefni.



Mynd 7: Samráð um kennslu – ársmeðaltöl

Í sambandi við samvinnu milli greina og aldurshópa þá kemur í ljós að Garðaskóli er talsvert fyrir neðan meðaltal landsins.




Mynd 8: Samvinna um kennslu – ársmeðaltöl

Það mætti túlka þessar niðurstöður þannig að vanti upp á þverfaglega vinnu með nemendum, að nemendur gætu tengst betur öðrum nemendum á öðrum aldri í námi sínu, og svo að það vanti upp á að kennarar skoði kennslu hjá samstarfsmönnum sínum.

Vinnuaðstæður kennara eru metnar með því að spyrja kennara um aðstöðuna og aðgengi að búnaði og kennslufni. Garðaskóli (4,7) kemur ver út en landið (5,2)

6. Kennarar – mat og endurgjöf


Kennarar í Garðaskóla virðast fá minna mat og endurgjöf, frá annaðhvort stjórnendum, samstarfsfólki eða utanaðakomandi aðilum, en gerist og gengur á landinu. 57% kennara í Garðaskóla segist fá mat og endurgjöf á störfum sínum á móti 62% landsins.



Mynd 9: Umfang mats og endurgjafar – ársmeðaltöl

Þegar kastljósið er á mat og endurgjöf stjórnenda þá er athugað hlutfall þeirra sem telja það hæfilegt í daglegu starfi. Innan við 2% munur mælist, Garðaskóli þó hærri, en það telst ekki mikill munur. Það sem vekur þó óneitanlega athygli er hin mikla lækkun á þessu hlutfalli í Garðaskóla en það hrapar um heil 32% milli ára:


Starfsmannakönnun Skólapúlsins 2015



Mynd 9: Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara - ársmeðaltöl

Eins og kom áður fram þá fóru a.m.k. flest starfsmannaviðtölin fram eftir að könnunin var gerð og það skýrir nú væntanlega þessa stöðu að mestu leyti.


Sanngirni mats og endurgjafar var mælt með hlutfalli þeirra kennara sem telja mat og endurgjöf á störfum sínum hafa verið sanngjarnt eða mjög sanngjarnt af hálfu stjórnenda, samstarfskennara eða utanaðkomandi aðilum. Í Garðaskóla mælist þetta hlutfall 100% sem er stökk frá árinu á undan (87%), og meira en mælist á landinu.



Mynd 10: Sanngirni mats og endurgjafar

Gagnsemi mats og endurgjafar að mati kennara Garðaskóla hefur hækkað jafnt og þétt í síðustu mælingum. Hlutfall þeirra sem eru sammála eða mjög sammála því að það hafi gagnast til að

bæta starfið hækkar úr 83% árið 2013 í tæp 85% árið 2014 og svo yfir 94% í ár. Náteengt þessu er að Garðaskóli (5,7) kemur mun betur út en landið hér (4,8) í sambandi við nýtingu á niðurstöðum kennaramats, sem þýðir að það er virkara eftirlit með frammistöðu kennara í Garðaskóla en að meðaltali annars staðar á landinu.



Mynd 11. Nýting á niðurstöðum kennaramats - ársmeðaltöl

7. Kennarar – símenntun kennara

Þegar kennarar Garðaskóla voru spurðir hversu marga daga þeir sinntu símenntun undanfarið ár þá kom í ljós að þeir hafa bætt við sig einum degi frá í fyrra og er meðaltal svara þeirra nú það sama og á landinu, tæpir 12 dagar. Það virðist líka vera lítil þörf fyrir fleiri símenntunardaga þar sem Garðaskóli fær lægri tölu (4,4) en landið (5,4).

Hlutfall kennara í Garðaskóla sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði er hinsvegar 63%. Það vekur þó líka athygli hér að ef litið er á þrjú ár þá kemur fram stighækkun á þessu hlutfalli sem hefði viljað meiri símenntun, það hækkar úr 46% árið 2013 í 50% 2014 og loks í 63% í ár. Sú símenntun sem spurt er um tengist þó að öllu leyti beint við skólann en ekki við einstaklingsbundna þróun, t.d. framhaldsnám eða áhugamál kennara.

Í framhaldi af því var litið á nokkrar hugsanlegar hindranir í símenntun kennara. Rúm 70% kennara í Garðaskóla sögðu það mikla eða nokkra hindrun að kostnaður var of hár; um 70% nefndu of lítið svigrúm vegna vinnutíma; um 8% nefndu lítinn stuðning frá stjórnendum sem hindrun; tímaskortur vegna fjölskylduaðstæðna kom fram hjá 47% kennara en önnur 47% sögðu þann þátt litla eða enga hindrun; 71% fannst þeir kostir sem voru í boði ekki áhugaverðir. Allir töldu sig uppfylla þáttökuskilyrði hvað varðar hæfni, reynslu og starfsaldur og enginn nefndi að einhverjar aðrar ástæður væru hindrun á meðan 50% á landinu öllu höfðu einhverja aðra ástæðu.

Þegar spurt var um á hvaða formi símenntun ætti helst að fara fram kom fram hjá kennurum Garðaskóla að 87% merktu við námskeið, tæp 67% ráðstefnur eða málstofur, tæp 77% merktu við fyrirlestra, 50% við efni á Internetinu (t.d. Ted.com og fyrirlesta), 20% merktu við félagasamtök (t.d. Blátt áfram, Heimili og skóli ofl), 70% merktu við samstarfsverkefni í eigin skóla, tæp 27% nefndu samstarfsverkefni við aðra skóla, og 10% nefndu rannsóknarverkefni og önnur 10% merktu við annað.

8.Ópin svör

Í liðnum opin svör máttu kennarar skrifa að vild um það sem þeim finnst vera jákvætt við vinnustaðinn sinn í víðri merkingu og svo einnig hvað mætti betur fara. Ef jákvæðar umsagnir kennara í Garðaskóla eru settar upp í orðaský fæst eftirfarandi mynd:



Mynd 12: Orðaský úr jákvæðum athugasemdum.

Afar áberandi í jákvæða hlutanum er hversu góður starfsandi er sagður ríkja í Garðaskóla meðal allra starfsmanna, þar sé óþvingað andrúmsloft, og traust, virðing og hjálpssemi eru sterkur þáttur í samskiptum. Frjálsræði er nefnt sem jákvætt atriði við skólann en einnig samvirkusemi kennara og að þeir skili góðu starfi. Nefnt er að fagmenntun og löng reynsla kennara sé gott við skólann. Það er sagður vera sterkur kjarni í starfsmannahópnum og sem passi upp á að hafa líflegt félagslíf.

almennt í skólanum. Að sögn starfsfólks er hitatemprun í húsinu ekki eðlileg, raflagnir eru úreltar og ráða illa við nútímatækni og fatageymsla starfsmanna er óörugg.

Einnig er oft minnst í heild á útlit hússins og vinnuaðstöðu, sums staðar með vírum og rörum út úr veggjum, og mjög slæmt ástand á loftplötum er nefnt. Starfsfólk kvartar yfir vinnuaðstöðu sinni, ljósrítunarvélar eru oft bilaðar, jafnvel vikulega, og það er sagt mjög hamlandi í starfi kennara. Starfsfólk talar um að viðhald og endurnýjun taki langan tíma og að það geti komið niður á starfsanda fólks.

Það er hugsanlegt að sjá tengsl milli þessarar umræðu og þess sem kom fram áðan í 4. hluta að svo miklu lægra hlutfall kennara í Garðaskóla vinnur sína vinnu í skólanum en á landinu og fer þá væntanlega annað til að sinna henni.

Varðandi skipulag á starfinu þá er nefnt að það sé of mikil fundarseta á skipulagsdögum í stað þess að fólk fái tíma fyrir sitt fag, það vanti tíma til samráðs í deildum og álagstímar geta verið erfiðir og þeir eru oft. Of mikill tími settur í „Læsi“ sem nýtist samt ekki öllum greinum. Einn nefnir að frímínútur sem nú eru 5 mínútur mætti lengja. Fram kemur það viðhorf að tímaskráning sem nú er nýupptekin sé óþarfi því kennarar og allt starfsfólk skili góðu starfi. Einn nefnir að stjórnendur mættu vera duglegri að hrósa fyrir það sem vel er gert og láta vita ef eitthvað mætti fara betur.

Upplýsingaflæði er nefnt sem eitthvað sem mætti laga því margir póstar og breytingar eru tímafrek og auka vinnuálag. Skerpa mætti á öryggisatriðum í öllum ferðum með nemendur úr húsi, setja upp viðbragðsáætlun í mismunandi aðstæðum í skólaferðalögum, ef gerir slæmt veður og hvað varðar lyfjagjöf til nemenda.

Það er óskað eftir heimanámsstofu með aðstoð kennara og það á að gera meira úr því að við erum heilsueflandi skóli, við ættum að stefna á Grænfánann.

9.Aukakönnun – lengd kennslustunda, Námfús, umsjónartíminn.

60 mínútna kennslustundir

Þegar spurt er hversu vel eða illa kennurum líki við að hafa 60 mínútna kennslustundir kemur fram yfirgnæfandi fylgjandi meirihluti. Um 91% kennara líkar vel eða mjög vel við þetta fyrirkomulag. Nokkrar helstu röksemdir fyrir þeirri skoðun eru að 40 mínútur hafi verið of stutt en 80 mínútur of langt, nemendur verði ekki eins þreyttir og það náist að vinna betur en þó á fremur afslappaðan hátt því auðvelt sé að t.d. þrískipta tímanum og hafa tíma í alla hluta auk útskýringa og umræðna. Þetta skapi betri samfellu í náminu þegar sjaldnar er byrjað og hætt. Auk þess er minna rask fyrir alla með færri tímum og minni ferðalögum um húsið.

Námfús

Þegar kennarar eru beðnir að taka afstöðu til þess hversu vel eða illa þeim líkar að nota Námfús kemur í ljós að viðhorfið er heldur í jákvæðu áttina. Alls eru 46% jákvæðir, 43% eru hlutlausir, og 13% eru neikvæðir. Helstu umsagnir ganga út á að það hafi verið miklir byrjunarörðugleikar. Það hafi farið fram mikil vinna í aðlögun að forritinu sem var langt frá því að vera fullkomið í upphafi. Kennarar upplifðu það sem erfiðan tíma að þurfa að glíma við ófullkomið skráningarforrit og vandræðagang af þeim völdum ofan á álag vegna prófa og einkunnaskila, sérstaklega á haustönn, og finnst sumum að Mentor hafi verið betri og einfaldari en þó ekki fullkominn heldur. Vinna með Námfús gengur mun betur núna en í upphafi, þó það sé samt ýmislegt sem má enn laga og forritið sé greinilega enn í mótun. Sumum finnst Námfús ekki ennþá vera orðinn eins góður og Mentor, margt sé þar flóknara og óljóst. Þar eru nefnd atriðin yfirlit yfir mætingu og skráningar á þeim, skráning einkunna og þegar þarf að bæta við áður innslegnar einkunnir. Aðrir benda á að margt sé betra í Námfús en í Mentor. Ánægja ríkir þó með að hafa gott aðgengi að aðstoð með Námfús og ábendingar um úrbætur.

Umsjónartímar á miðvikudögum

Þegar kennarar eru spurðir hversu vel eða illa þeim líkar að hafa umsjónartíma á miðvikudögum kemur í ljós að tæp 38% svara eru jákvæð, tæp 47% eru hlutlaus, og tæp 16% eru neikvæð.

Í umsögnum um þennan lið koma fram nokkuð mismunandi viðhorf. Nokkrum sinnum er nefnt að kennurum finnst gott að hitta hópinn sinn einu sinni í viku og ræða hvað er framundan, sinna fræðslu þegar svo ber undir og fara í mætingamálin. Þetta eru ágætir tíma að álitum sumra og fróðlegt geti verið að spjalla við krakkana og taka fyrir mikilvæg málefni þegar þess þarf.

Annars sést líka það viðhorf að þetta sé dálítið langur tími og of mikil áhersla á að þetta sé kennslustund með skipulagðri dagskrá, kennarar hafi mismikinn áhuga á að fara í lífsleikni með nemendum og fari misvel í það. Margir nemendur eru oft ekki tilbúnir í eiginlega kennslustund og séu þarna mættir til að eiga rólega stund með félögum sínum. Einnig kemur fram að á mánudegi sé full seint að fá eitthvað efni að fjalla um í þessum tíma því þriðjudagurinn er fullbókaður og þá er erfitt að undirbúa sig fyrir þennan tíma. Fram kemur einnig það viðhorf að það vanti meiri tíma til að fara í ástundun nemenda. Sumir sjá þó heildarmyndina og benda á að það eigi eftir að gera innihald þessara tíma markvissara.